

Fundargerð

**stjórnarfundar Félagsbústaða nr. 11/2020 haldinn föstudaginn
27. mars 2020 kl. 13:30.**

Fundarmenn: Haraldur Flosi Tryggvason, Heiða Björg Hilmisdóttir, Laufey Ólafsdóttir og Sigrún Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

1. COVID19: viðbúnaður, viðbrögð og áhrif

Lögð var fram samantekt um viðbúnað, viðbrögð og áhrif vegna COVID19. Farið var yfir samantektina og samþykkt tillögur borgarráðs 26. mars um fyrstu aðgerðir til viðspyrnu vegna COVID19 sem sett er fram í 13 liðum.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að fara yfir samþykkt borgarinnar um aðgerðir vegna COVID19 og leita samráðs við Reykjavíkurborg um útfærslu á þáttum sem snúa að starfsemi Félagsbústaða. Samþykkt var að haldið skyldi sérstaklega utanum allan viðbótarkostnað vegna áhrifa af faraldrinum.

2. Vaxtakjör

Fyrir fundinum lá minnisblað Mannvirkjastofnunar um breytingu á vaxtakjörum ásamt greinargerð framkvæmdastjóra um það.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga um vaxtabreytingar lána enda sé ekki um að ræða skilmálabreytingar á lánunum.

3. Fjárhagsáætlun

Rætt var um fjárhagsáætlun ársins og 5 ára áætlun. Forsendur hafa breyst og ástæða til þess að endurskoða áætlunina. Einnig var lagt fram bréf til borgarstjóra þar sem farið var yfir framkvæmdir, viðhald og fjárfestingar sem mögulega mætti flýta.

Málið verður unnið áfram og lagt fyrir næsta stjórnarfund.

4. Fundargerð fjármögnunarhóps FB

Lagt fram til kynningar.

5. Önnur mál

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14.00

Heiða Björg Hilmisdóttir

Laufey Ólafsdóttir

Sigrún Árnadóttir